

BORGARRÁÐ 9. febrúar 2023: Tillaga áheyrnarfulltrúa um nám fyrir leiðbeinendur í leikskóla - MSS23020058

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela skóla- og frístundasviði hefji undirbúning í samráði við leikskólasamfélagið um námslínu fyrir leiðbeinendur sem ætlað er til að styrkja þá í faglegu starfi á leikskóla. Þetta er lagt til m.a. í ljósi alvarlegrar manneklu sem ríkt hefur í leikskólum borgarinnar frá 2016. Freista þarf þess að hugsa út fyrir boxið og finna nýjar leiðir til að laða fólk til starfa í leikskólum. Önnur sveitarfélög hafa farið þessa leið og beitt fleiri nýjungum sem leitt hefur til aukinnar eftirsóknar í störfum á leikskólum. Reykjavík þarf að taka sér þessi sveitarfélög til fyrirmyndar. Ekki gengur að sýna uppgjöf í þessum málum en nú ríkir hreint neyðarástand. Fæst börn geta verið á leikskólum sínum alla fimm daga vikunnar vegna vöntunar á starfsfólki.